

102

29. júní

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu frá 27. des. 1956 um notkun heimildar í lögum frá 27. des. 1956 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að lækka gildandi viðauka á stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum, sbr. b-lið 1. gr. l. nr. 93/1956, úr 140% niður í 100%.

Lækkun þessi kemur til framkvæmda frá og með 10. júlí 1957.

Fjármálaráðuneytið, 29. júní 1957.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzzon.

103

1. júlí

REGLUGERÐ

um fyrirframgreiðslu skatta o. fl.

1. gr.

Tollstjóranum í Reykjavík og lögreglustjórum er heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda upp í skatta yfirstandandi árs með fjórum jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, fjárhæð jafnháa helmingi þeirra þinggjalda, er honum bar að greiða næstliðið ár.

Eftirstöðvar þinggjalda hinn 1. ágúst ár hvert er heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda með fjórum jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.

2. gr.

Nú hafa tekjur gjaldanda á skattárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög að vænta megi þess, að mun lægri skattar verði lagðir á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á fyrirframgreiðslunni samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar.

Viðkomandi innheimtumenn ríkissjóðs ákveða lækkunina, enda sanni gjaldandi fyrir þeim með vottorði skattyfirvalda, að tekjur sínar á skattárinu séu minnst 30% lægri en árið áður.

3. gr.

Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta er lokið, að gjaldandi hafi þegar greitt meira en álögdum skatti nemur, skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt er ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlu innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Um fyrirframgreiðsluna gilda ákvæði tekju- og eignarskattslaga um dráttarvexti, skyldu kaupgreiðanda til að halda eftir af kaupum launtaka upp í skattana, svo og önnur ákvæði eftir því sem við á.

Fyrirframgreiðsluna má taka lögtaki.

5. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar koma til framkvæmda frá og með þinggjöldum ársins 1958.